

**Ed.**

**917. Framvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 58, 22. nóv. 1907 um stofnun brunabótafjellags Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan af fyrri málsgrein 1. greinar laganna falli setningin:  
»enn fremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða«.

Á eftir sömu málsgrein komi ný málsgrein, þannig:

Enn fremur getur fjelagið trygt lausafje á Íslandi gegn eldsvoða, þó þannig, að samanlögð vátryggingarupphæð lausafjár, sem tryggð er í fjelaginu, nemi aldrei meira en  $\frac{1}{3}$  af samanlagðri vátryggingarupphæð húsa í fjelaginu, og að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nemi meira en 6 þúsund krónum.

2. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 2. greinar komi:  
800 þúsund kr.

3. gr.

Fyrir »skipakví« í niðurlagi 4. greinar komi:  
höfn.

Aftan við sömu grein bætist:

með takmörkunum þeim, er felast í 2. málsgrein 1. greinar, þangað til endurtrygging fæst samkvæmt 6. grein.

4. gr.

Fyrir orðin í upphafi 6. greinar: »Fjelaginu er skylt að endurtryggja« komi:

Ef endurtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi Stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar, skal fjelagið endurtryggja.

5. gr.

Fyrir orðin í fyrri málsgrein 7. greinar: »er, og þannig aldrei«, komi:  
kann að verða, og þá ekki.

6. gr.

Í stað orðanna í 2. málsgrein í 9. grein laganna, »sem aukaútsvari eftir  
efnum og ástæðum«, komi:  
eftir sömu reglum sem aukaútsvari.

7. gr.

Fyrir »600,000 kr.« í fyrstu málsgrein 13. greinar komi:  
800 þúsund kr.

Úr annari málsgrein sömu greinar falli burt, »að viðbættum 4% í ár-  
lega vöxtu«.

Enn fremur falli burt úr sömu málsgrein, »að meðtöldum vöxtum«.

Síðasta málsgrein sömu greinar orðist svo:

Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu allt að  
20 þúsund kr. sem starfsfje. Endurborga skal þetta af gróða fjelagsins, þá er  
varasjóður nemur 5% af allri þeirri upphæð, er fjelagið ábyrgist.

8. gr.

2. málsgrein 14. greinar laganna (»Áður en nokkurt hús . . . . . tilkall  
til hússins«) falli burt.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þessar inn í megin-  
mál laga nr. 58, 22. nóvember 1907, og getur konungur þá gefið nefnd lög út,  
þannig breytt, sem lög um stofnun brunabótafjelags Íslands.